

Nr. 17-111 S 084 Amma Helga RIB 7800***Farþegi slasast á baki***

Skipaskr.nr. 7800
Útgerð: Gentle Giants- Hvalaferðir ehf.
Smíðaður: Techno Marine 2016, trefjaplast
Stærð: 17,84 bt.
Mesta lengd: 12,99 m Skráð lengd: 12,38 m
Breidd: 3,70 m Dýpt: 1,42 m
Vél: Volvo Penta, 550 kw, árg:2016
Fjöldi skipverja: 2
Fjöldi farþega: 12



Amma Helga©Útgerð

Gögn:
Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. apríl 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 15. júlí 2017 var farþegabáturinn Amma Helga (RIB) á siglingu frá Húsavík með farþega. Veður: Hægur vindur og kennialda um 0,6-1,2 m.

Eftir stutta siglingu slasaðist farþegi, sem sat í fremstu sætaröð, á baki og var snúið með hann til hafnar þar sem honum var komið undir læknishendur. Siglingu bátsins var síðan haldið áfram.

Í ljós kom að farþeginn hlaut samfallsbrot á hrygg.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá slasaða að högg hefði komið á bátinn skömmu eftir að lagt var úr höfn og við það hefði hann lyfst upp og lent harkalega með sitjandann á sætið. Við þetta hefði hann fengið mikla verki upp í bakið;
- að skipstjórinn taldi bátinn hafa verið á u.þ.b. 14 hnúta ferð þegar atvikið átti sér stað. Hann taldi að báturinn hafi ekki verið á of mikilli ferð miðað við aðstæður með vísun til fyrirmæla og annarra leiðbeininga útgerðarinnar þar um;
- að mesti hraði bátsins er allt að 52 hnútar;
- að skipstjóranum fannst sjólagið fyrir utan höfnina vera þess eðlis að þegar lagt var af stað í ferðina þurfti að meta réttan hraða fyrir bátinn og þ.a.l. rétta stillingu fyrir hældrif hans. Hann sagði að það hefði komið ein stærri alda

fljótlega í ferðinni og að báturinn fékk yfir sig sjó sem hefði sett hann í vafa um að halda áfram en hann hefði ákveðið að halda ferðinni áfram og fara í átt að Lundey. Nokkrum mínútum síðar hefði slasaði rétt upp hönd til merkis um að eitthvað væri að;

- að skipstjórinn sagði að leiðsögumaðurinn hefði farið eftir verklagsreglum útgerðar um leiðbeiningar til farþega um hvernig þeir ættu að bera sig að á siglingunni og þeim kynnt í miðasölu bæði munnlega og skriflega að hún væri áhættusöm;
- að skipstjórinn hafði mikla reynslu af siglingu skemmtibáta en hann hafði verið á bátum þessarar útgerðar í u.þ.b. sex vikur;
- að skipstjórinn hafði verið lögskráður á annan bát útgerðarinnar en var með stuttum fyrirvara beðinn um að fara í þessa ferð. Hann hefði því ekki getað metið farþegana sjálfur áður en þeir voru komnir í hlífðarfatnað til að raða þeim í bátinn s.s. eftir líkamsbyggingu þeirra.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en vísar í fyrri álita sinna um slys af sama toga þar sem niðurstaðan hefur ávallt verið sú að hraði bátsins hafi verið of mikill miðað við aðstæður.

Nefndin bendir á að á frá árinu 2011 hefur hún rannsakað 8 mál þar sem 11 farþegar hafa slasast í skoðunarferðum með RIB bátum. Sameiginlegt með þeim er að farþegar sátu í fremstu sætum bátanna. Leggur nefndin til að farþegum í fremstu sætaröðum fái sérstaka fræðslu um þá hættu sem getur fylgt því að sitja þar.